

Truenorth Nordic ehf.
Fiskislóð 31a
101Reykjavík

Reykjavík, 9. september 2021
UST202109-032/P.B.S.
09.06.01

Efni: Umsókn um leyfi til kvikmyndatöku - Dómadalur - Jökulheimaleið

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Truenorth Nordic ehf., dagsett 3.9.2021, um akstur utan vega vegna kvikmyndatöku við Dómadal (Sauðafell, Valahnúka og Kamba) dagana 15-22. september 2021.

Samkvæmt 1. mgr. 31. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er óheimilt að aka vélknúnum ökutækjum utan vega. Umhverfisstofnun er heimilt, ef nauðsyn krefur, að veita leyfi til þess að aka vélknúnum ökutækjum utan vega vegna kvikmyndagerðar, ef ekki er unnt að vinna viðkomandi störf á annan hátt, sbr. 3. ml. 2. mgr. 31. gr. laga nr. 60/2013, um náttúruvernd.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi til að aka sérútbúnum *camera buggy* bíl, með cameru arm, 150-200 metra inn og út frá vegi á þremur stöðum. Staðsetningar komu fram í fylgigögnum við Sauðafell og Valahnjúk á Dómadalsleið ásamt Kömbum á Jökulheimaleið. Í umsókn kemur fram að ekki verði ekið á grónu landi og öll för í sandi verði löguð. Þá kemur fram í umsókn að um sé að ræða svartan sand og vikur sem aka þarf fram og til baka um 150-200 metra. Einungis er um landslagstökur að ræða svo ekki verður frekara rask vegna leikmyndar.

Áhrifamat:

Ekið verður um svarta sanda á þremur svæðum, nokkuð stuttar vegalengdir á hverjum stað. Með skilyrðum er hægt að tryggja að áhrifa af verkefninu verður haldið í lágmarki og þeirra gætir einungis á meðan á tökum stendur.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir Truenorth Nordic ehf fyrir sitt leyti leyfi fyrir akstri utan vega við Dómadal (Sauðafell, Valahnúka og Kamba) sbr. lýsingu hér að ofan dagana 15-22. september að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Til að koma í veg fyrir að kvikmyndin hvetji til utan vega aksturs þá er óheimilt að sýna ökutæki aka utan vegar.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Leyfi landeigenda og/eða sveitarfélags gæti þurft fyrir verkefninu.

Leyfisgjald:

Umhverfisstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna á grundvelli 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um akstur utan vega er kr. 39.400- sbr. 24. gr. a. í gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt

Inga Dóra Hrólfsdóttir
sviðsstjóri

Hákon Ásgeirsson
sérfræðingur